

Foreldrafélag Krakkakots 2020-2021

Skýrsla stjórnar

Í þessari skýrslu er farið í orðum yfir starfsár foreldrafélags Krakkakots 2020-2021.

Stjórn var valin þann 19. október 2020 og tók þar við af fyrri stjórn.

Stjórnina 2020-2021 skipuðu: Dóra Guðlaug Árnadóttir, Herdís Sólborg Haraldsdóttir, Kristjana Ósk Veigarsdóttir, Bryndís Jóna Halldórsdóttir, Stefanía Kristjánsdóttir og Katla Marín. Þá er Hjördís sem fyrr stjórninni stoð og stytta.

Á fyrsta fundi stjórnar var Stjórnarskipan foreldrafélagsins ákveðin og er sem hér segir:

- **Formaður:** Herdís Sólborg Haraldsdóttir
- **Gjaldkeri:** Dóra Guðlaug Árnadóttir
- **Ritari:** Stefanía Kristjánsdóttir
- **Meðstjórnendur:** Kristjana Ósk Veigarsdóttir, Bryndís Jóna Halldórsdóttir og Katla Marín.

Staðan á reikningi er 627.000 kr. Þegar ný stjórn tekur við. Verkefni stjórnar eru í föstum skorðum og vel haldið utan um mál af Hjördísi Ólafsdóttur leikskólastýru Krakkakots. Hefur samstarf við hana og annað starfsfólk og stjórnendur Krakkakots verið ómetanlegt. Samstarf stjórnarinnar hefur sömuleiðis gengið ákaflega vel fyrir sig þrátt fyrir þær hömlur sem heimsfaraldurinn hefur sett á starfið. Þetta var óvenjulegt starfsár sem þarf vart að hafa orð á. Faraldurinn Covid-19 setti strik í reikninginn sem varð til þess að hefðbundnir þættir féllu niður og eða voru settir í annan farveg. Stjórnin fékk þó með einum eða öðrum hætti að hafa aðkomu að ýmsum viðburðum á árinu í góðu samstarfi við alla á Krakkakoti og ýmsar leiðir voru fundnar til þess að gera gott úr hlutunum. Starfsfólk og leikskólastjóri Krakkakots eiga heiður og lof skilið nú sem fyrr fyrir allt sitt framlag, enda tóku þau við ótal boltum sem foreldrafélagið hefði annars komið meira að vegna þeirra takmarkana sem við höfum búið við á starfsárinu.

Stóru steinarnir á tímabilinu:

- **Jólagjafir:** Fyrsta verk stjórnar var að skipuleggja jólagjafir, falleg tréleikföng urðu fyrir valinu.
- **Páskaeggjaleit:** Páskaeggjaleitin var óhefðbundin í ljósi Covid-19. Páskaegg voru þó keypt og starfsfólk sá um gleðina með páskakanínuna í fararbroddi.
- **Kubbar:** Stjórnin keypti kubba fyrir leikskólann.
- **Sumarhátíð og Krakkakotsleikar:** Jól og Ingi komu á sumarhátíðina 11. júní og þá komu fulltrúar frá Latabæ á Krakkakotsleikana. Foreldrafélagið greiddi fyrir hvoru tveggja.
- **Nauðsynjavörur:** Foreldrafélagið keypti hitamæla og sólarvörn á allar deildir.
- **Starfsfólk:** Með mikilli gleði gefur foreldrafélagið starfsfólki ostakörfu og aðventugjöf síðustu vikuna fyrir jólin.

Stjórnin þakkar starfsfólki, stjórnendum og börnunum fyrir frábært samstarf. Krakkakot er einstakur leikskóli og stjórnendur, starfsfólk og við foreldrarnir vinnum saman að engu öðru en að styðja við framtíðina okkar.

Takk fyrir tímabilið.

Fyrir hönd stjórnar,

Herdís Sólborg Haraldsdóttir, formaður stjórnar 2020-2021.